

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2023

Efni: Umsögn um Grænbók um sjálfbært Ísland

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands barst til umsagnar og kynningar drög að grænbók um sjálfbært Ísland sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. mál nr. 82/2023. Það er mikið fagnaðarefni að forsætisráðuneytið skuli leggja í vinnu við að meta stöðu sjálfbærni á Íslandi (grænbók) og að í framhaldinu verði mótuð stefna fyrir Ísland í sjálfbærri þróun (hvítbók). Sjálfbærnistofnun HÍ fagnar einnig að í tengslum við þessa vinnu hafi samráðsvettvangnum *Sjálfbært Ísland* verið hleypt af stokkunum. Vonast er til að vettvangnum takist að auka samráð og samvinnu um þetta mikilvæga málefni þó aðkomu háskólasamfélagsins og fagstofnana ríkisins hafi verið saknað, en mikilvægt er að sú þekking og reynsla sem fyrirfinnst innan háskólasamfélagsins og fagstofnana sé nýtt við mótnu stefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi.

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Umfjöllun um sjálfbæra þróun

Í umfjöllun um sjálfbæra þróun (kaflar 1.3 og 1.4, bls. 14-16) er mikilvægt að fjalla um hvernig hugtakið „sjálfbær þróun“ hefur þroskast og þróast frá því Brundtland skýrslan kom út. Það er óumflýjanleg staðreynd að efnahagslegur vöxtur getur ekki farið út fyrir þau mörk sem náttúra jarðarinnar setur okkur og þróun sjálfbærnihugtaksins hefur tekið mið af þeirri staðreynd. Stærð jarðarinnar og þar með auðlindir hennar eru takmarkaðar. Ef við sóum auðlindum þá völdum við tjóni á náttúru jarðar og slíkt mun að endingu spilla lífsgæðum okkar og framtíðarkynslóða. Skýrustu dæmin um slíka ofnotkun eru eyðing búsvæða plantna og dýra og loftslagsbreytingar. Það að vera sjálfbær er að búa til félagsleg og efnahags kerfi sem eru ekki skaðleg náttúrunni. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða t.d. vísindagreinar um [þolmörk Jarðar \(e. Planetary boundaries\) og tengsl þeirra við sjálfbærni](#) (í greininni eftir Johan Rockström eru hlekkir á fjölmargar ritrýndar vísindagreinar sem tengjast efninu¹).

Einnig er mikilvægt að hugtökin sjálfbær þróun og sjálfbærni séu vel útskýrð í grænbókinni; t.d. hver munurinn sé á hugtökunum og hvernig á að nota þau og hvenær ekki. Víða í samfélaginu gætir ruglings í notkun á þessum hugtökum og því afar gott tækifæri að þau séu útskýrð vel í grænbókinni.

¹ <https://sdg-action.org/protecting-planetary-boundaries-aligning-the-sdgs-to-ensure-humankinds-future/>


Alþjóðleg samvinna, samanburður og mælikvarðar

Í kafla 2 (bls. 18) um *alþjóðlega samvinnu, samanburð og mælikvarða*, er lagt til að bætt verði við stuttri umfjöllun um þá alþjóðlegu samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja sem tengjast sjálfbærri þróun, til að mynda Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Framework Convention on Climate Change), Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (e. Convention on Biological Diversity, CBD) og Samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun (e. United Nation Convention to Combat Desertification), svo fátt eitt sé nefnt.

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands er reiðubúin að veita ráðgjöf um málefni sjálfbærrar þróunar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Hafdís Hanna Ægisdóttir



Forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands
hafdishanna@hi.is